

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/58/EB

frá 3. september 1996

um breytingu á tilskipun 89/686/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 89/686/EBE ⁽⁴⁾ er kveðið á um að allar persónuhlífar skuli vera með CE-merki og að því skuli fylgja viðbótarupplýsingar um árið sem merkið var fest á.

Þó að ártalið sé tilgreint eykur það á engan hátt öryggi notanda persónuhlífarinnar. Hætta er á að þessum upplýsingum sé ruglað saman við síðasta notkunardag en hann skal tilgreina á öllum persónuhlífum sem geta úrelst með tímanum.

Það er íþyngjandi fyrir framleiðendur að þurfa að tilgreina árið. Kostnaðurinn sem því fylgir er langt því frá að vera hverfandi.

Með tilliti til dreifræðisreglunnar er einungis unnt að fella niður kröfuna um að tilgreina þurfi hvaða ár CE-merkið hafi verið fest á, og einfalda þar með málið fyrir framleiðendur, með tilskipun um breytingu á tilskipun 89/686/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í IV. viðauka við tilskipun 89/686/EBE falli eftirfarandi texti niður:

„Viðbótarupplýsingar

— Tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var sett á; þessara upplýsinga er ekki krafist ef um er að ræða persónuhlífar sem um getur í 3. mgr. 8. gr.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1997.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,

K. HÄNSCH

I. YATES

forseti.

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 23, 27. 1. 1996, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 97, 1. 4. 1996, bls. 8.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 60), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 220, 29. 7. 1996, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. C 261, 9. 9. 1996).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipunum 93/68/EBE (Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1) og 93/95/EBE (Stjtið. EB nr. L 276, 9. 11. 1993, bls. 11).